

SAMNINGUR MILLI ALPJÓÐLEGS STUÐNINGSADILA OG SAMSTARFSAÐILLA VÖRUMERKIS OG NSI (ISO)

ÍSLAND

Þessi samningur milli alpjóðlegs stuðningsaðila og samstarfsaðila vörumerkis er á milli Nu Skin International, Inc., sem er fyrirtæki í Utah, 75 West Center Street, Provo, Utah 84601, Bandaríkjunum („NSI“) og mín.

NSI og ég samþykkja og höfum sameiginlegan skilning á að þessi Samningur við samstarfsaðilla vörumerkis er sérstakur samningur aðskilinn frá Resident Country Product Purchase Agreement við Nu Skin Local á hverju svæði (eins og hann er skilgreindur í PPA samningnum).

A. Skilgreiningar

Merking hugtaka með hástöfum sem ekki eru skilgreind í þessum kafla Samnings við samstarfsaðilla vörumerkis er skilgreind í kaflanum um Stefnu og starfsreglum.

„Bónus“ merkir sú þóknun sem er greidd til samstarfsaðila vörumerkis samkvæmt magni af seldum vörum samstarfsaðila vörumerkis, hóps hans og annarra framkvæmdastjóra, uppfylli þeir einnig öll skilyrði sem eru sett fram í söluárangurskerfinu. Nu Skin Local hefur verið úthlutað rétti til að greiða bónusa til samstarfsaðila vörumerkis í því landi þar sem söluaðili hefur aðsetur.

„Samningur“ er samningurinn á milli Nu Skin og mín og samanstendur af þessum Samningi sjálfstæðs samstarfsaðila vörumerkis og PPA samningnum (eins og það er skilgreint hér að neðan).

„Samstarfsaðili vörumerkis“ merkir óháður verktaki sem hefur umboð frá Nu Skin samkvæmt þessum samningi samstarfsaðila vörumerkis til að kynna vörur fyrirtækisins, ráða nýja samstarfsaðila vörumerkis og taka á móti þóknun í samræmi við kröfur söluárangurskerfisins.

„Samningur sjálfstæðs samstarfsaðila vörumerkis“ (DA) merkir þessi samningur milli Samstarfsaðila vörumerkis og Alpjóðlegs stuðningsaðila (Distributor and International Sponsor Agreement), þ.m.t. Stefnum og starfsreglum, söluárangurskerfi, og efni er snertifir valkvæð verkefni, sem geta verið undirorpin breytingum og sem eru tekin hér með til tilvísunar.

„Nu Skin“ merkir NSI, Nu Skin Local og tengd fyrirtæki þeirra.

„Vörur“ merkir vörur og þjónusta Nu Skin sem er seld í gegnum Nu Skin Local í einstaka löndum sem hafa til þess umboð og leyfi.

„Stefnur og starfsreglur“ merkir þær stefnur sem stjórna því hvernig samstarfsaðili vörumerkis skal stjórna fyrirtæki sínu, hvernig hann skal hegða sér í viðskiptum og sem skilgreina réttindi og tengsl aðila.

„Búsetuland“ merkir, ef þú ert einstaklingur, það land, það svæði eða annað lögsagnarumdæmi þar sem þú telst vera borgari eða lagalegur íbúi þar sem þú hefur farið eftir Samningi sjálfstæðs samstarfsaðila vörumerkis (DA). Ef þú ert viðskiptalegur aðili, eins og stórfyrirtæki, samvinnufélag, eignarhaldsfélag eða eitthvað annað fyrirtækjaform, þá er um að ræða það land, landsvæði eða annað lögsagnarumdæmi þar sem þú ert lagalega starfandi samkvæmt lögum þíns lögheimilislands, og sérhver eigandi fyrirtækisins skal hafa rétt lagalegt leyfi til að reka viðskipti í því landi þar sem fyrirtækið hefur aðsetur og í því landi þar sem hans Samningur sjálfstæðs samstarfsaðila vörumerkis (DA) gildir.

„Söluárangurskerfi“ merkir sérstakt kerfi sem skilgreinir nákvæmlega hvernig skal framkvæma og hvaða kröfur gilda um þóknun til samstarfsaðila vörumerkis.

B. Réttur til þess að markaðssetja vörur og vera stuðningsaðili innan búsetulands míns.

Samkvæmt þeim skilmálum og skilyrðum sem gilda í Samningi sjálfstæðs samstarfsaðila vörumerkis (DA), útnefni NSI mig hér með sem samstarfsaðila vörumerkis. Sem samstarfsaðili vörumerkis, hef ég réttindi til að kynna vörurnar í búsetulandi mínu með því að kynna persónulega, einkum inni á heimilum fólks og (b) að vera stuðningsaðili við aðra samstarfsaðila vörumerkis í mínu búsetulandi.

Ég samþykki að þessi Samningur sjálfstæðs samstarfsaðila vörumerkis (DA) verði samþykktur í Utah.

C. Réttur til að vera stuðningsaðili og til að kaupa vörur í löndum þar sem maður hefur ekki aðsetur/lögheimili.

NSI gefur mér réttindi til að vera stuðningsaðili við nýja samstarfsaðila vörumerkis í löndum þar sem ég hef ekki aðsetur/á ekki lögheimili. Þessi Samningur sjálfstæðs samstarfsaðila vörumerkis (DA) gefur mér ekki leyfi til að kynna vörur í löndum þar sem ég hef ekki lögheimili, nema ég búi í landi sem er innan EES, en þá gilda sérstakar reglur.

Ég viðurkenni að sérhvert land þar sem ég á ekki lögheimili getur haft sína sérstöku löggjöf og kröfur sem geta náð til mín sem stuðningsaðila við samstarfsaðila vörumerkis í því landi sem um ræðir og ég samþykki að uppfylla öll lög, reglugerðir og reglur í því landi þar sem ég á ekki lögheimili, þ.m.t. allar reglur um innflytjendur, vegabréfsáritanir og kröfur um skráningu.

Þar sem ég fell undir ákvæði PPA, samþykki ég að ég geti keypt vörur í löndum þar sem ég á ekki lögheimili en þá einungis frá fyrirtæki sem tengist NSI, sem er skilgreint sem heildsölu- og samstarfsaðili vörumerkis í því landi sem um ræðir. Ég samþykki enn frekar að (i) ég má einungis kaupa vörur í landi þar sem ég á ekki lögheimili til persónulegra nota eða til að sýna mögulegum nýjum dreifingaraðilum, (ii) Ég hef ekki og ég mun ekki, hvorki beint né óbeint selja, endurselja eða dreifa nokkurri vöru innan lands þar sem ég á ekki lögheimili nema mitt eigið búsetuland sé aðili að EES, en þá gilda sérstakar reglur og (iii) ég mun uppfylla alla viðkomandi löggjöf er snerta innkaup á vörum í landi þar sem ég á ekki lögheimili.

D. Óháður verktaki

Ég viðurkenni og samþykki að sem samstarfsaðili vörumerkis er ég óháður verktaki og ekki starfsmaður Nu Skin. Sem óháður verktaki mun ég:

- vera sjálfstætt starfandi og ákveða sjálf/ur hvenær ég starfa og hversu margar klukkustundir í senn;
- fá greidda þóknun miðað við innkaup og sölu en ekki samkvæmt því hve ég starfa margar klukkustundir;
- þurfa að taka viðskiptalega áhættu og bera ábyrgð á öllu því tapi sem ég kann að lenda í sem samstarfsaðili vörumerkis;
- ef þörf krefur, útvega mér VSK - númer sem starfandi aðili;
- greiða mín eigin leyfisgjöld og allar tryggingar;
- bera sjálf/ur ábyrgð á öllum kostnaði af viðskiptum mínum, þ.m.t., en ekki takmarkað við ferðakostnað, skemmtun, skrifstofukostnað, lagalegan kostnað, kostnað vegna tækjabúnaðar, kostnað vegna bókhalds og almennan kostnað, án þess að fá fyrirframgreiðslu, endurgreiðslu né nokkrar tryggingar frá Nu Skin;
- vera ekki meðhöndlaður sem starfsmaður af skattayfirvöldum; og

- greiða alla skatta og gjöld sem falla á sjálfstætt starfandi einstaklinga eins og krafist er skv. lögum.

Ég er ekki starfsmaður, umboðsaðili, milligöngumaður né lagalegur fulltrúi Nu Skin og einungis sem leyft er samkvæmt þessum samningi, leyfist mér að koma fram fyrir hönd Nu Skin fyrirtækisins. Engu í samningnum er ætlað né mun verða talið fela í sér samstarfs-, umboðs-, starfsmannatengd eða samlagsfélagsleg tengsl á milli Nu Skin fyrirtækisins og mín.

E. Bónusar

(a) Ég fæ greidda þóknun samkvæmt innkaupum og sölu á vöru, en ekki fyrir að vera stuðningsaðili. Ég skil og samþykki að til þess að eiga rétt á því að fá bónus verð ég að uppfylla allar þær kröfur sem eru taldar upp í söluárangurskerfinu og að ég má ekki hafa brotið gegn skilmálum Samningsins.

(b) Ég mun ekki kaupa neinar Nu Skin vörur einungis í þeim tilgangi að eiga rétt á bónus. Ég samþykki að áður en ég legg inn pöntun á vöru, mun ég hafa selt eða notað að minnsta kosti 80% af öllum fyrri pöntunum.

(c) Ég samþykki að hluti af því að ég eigi rétt á því að fá bónus og viðurkenningu byggir á samþykki mínu til að eyða umtalsverðum tíma í (i) að þjálfra, hvetja, kenna og leiðbeina mínum hóp þegar hann er að reyna að selja vörur til viðskiptavina, (ii) að ég selji sjálf/ur vörur og (iii) að ég kynni fyrirtækið.

F. Yfirlýsingar og ábyrgðir

Ég lýsi því yfir og ábyrgist að ég hef leyfi til að gera þennan Samning sjálfstæðs samstarfsaðila vörumerkis (DA), að ég hef uppfyllt allar lagalegar kröfur um að gera gildan samning og að þegar hann hefur verið undirritaður og afhentur af mér til samþykktar hjá NSI, eins og er lýst hér, þá feli Samningur sjálfstæðs samstarfsaðila vörumerkis (DA) í sér lagalega bindandi, gilda og bindandi skuldbindingu.

Ég lýsi því yfir og ábyrgist einnig að: (a) þær upplýsingar sem ég hef skilað inn í Samningi sjálfstæðs samstarfsaðila vörumerkis (DA) eru nákvæmar og fullnægjandi og að ef ég hef veitt einhverjar rangar eða villandi upplýsingar, getur NSI, að eigin vali, lýst sinn hluta af Samningi sjálfstæðs samstarfsaðila vörumerkis (DA) ógildan frá undirritun; (b) auðkennisnúmer eða vsk-númer sem ég hef gefið upp er rétt vsk-númer fyrir búsetuland mitt; (c) ef ég er einstaklingur, að ég er fullgildur ríkisborgari eða hef lagalegan rétt til að búa í landi aðseturs og að ég hef lagalegan rétt til að vera samstarfsaðili vörumerkis í

Því landi þar sem ég á lögheimili (d) ef ég er fyrirtæki eins og stórfyrirtæki, samvinnufélag, eignarhaldsfélag eða annað fyrirtækjaform, þá er fyrirtæki mitt rétt lagalega stofnað samkvæmt lögum míns búsetulands, og að sérhver eigandi fyrirtækisins hefur fullan lagalegan rétt til að stunda viðskipti í því landi þar sem ég á lögheimili.

Ég lýsi því yfir og ábyrgist að hvorki ég né sambúðaraðili minn/eiginmaður/eiginkona (eða ef um er að ræða stórfyrirtæki eða annað fyrirtækjaform, allir þátttakendur í fyrirtækinu sem eru á lista eða ættu að vera á lista fyrir fyrirtækið), hafa tekið þátt í viðskiptum sem samstarfsaðili vörumerkis í öðru hlutverki fyrir fyrirtækið undanfarna sex mánuði (eitt ár ef viðkomandi hefur verið ígildi stjórnanda (EXEC) eða haft hærra titil samkvæmt söluárangurskerfinu) áður en ég undirrita þennan samning sem stuðningsaðili eins og skilgreint er samkvæmt þessum samningi.

G. Leyfi til að flytja persónuupplýsingar

Til þess að NSI eða Nu Skin Local geti veitt mér stuðning sem samstarfsaðila vörumerkis, þá heimila ég þeim að flytja og birta persónulegar og/eða trúnaðarupplýsingar mínar, sem (a) ég hef veitt annað hvort NSI eða Nu Skin Local í tengslum við dreifingarsamning minn og hóp eða, (b) sem hafa þróast vegna starfsemi minnar sem samstarfsaðili vörumerkis, til (i) fyrirtækisins og dótturfyrirtækja hvar sem þau eru staðsett, (ii) sjálfstæðra hópa Nu Skin samstarfsaðila vörumerkis þegar nauðsynlegt er að tryggja stuðning við hópinn og (iii) til viðeigandi ríkisstofnana eða eftirlitsstofnana ef þess er krafist samkvæmt lögum. Ég veiti NSI eða Nu Skin Local frekari rétt til að nota persónuupplýsingar mínar til þess að auðkenna samstarfsaðila vörumerkis og til að búa til efni til markaðssetningar.

H. Samþykki á samningi

Virk dagsetning Samnings sjálfstæðs samstarfsaðila vörumerkis (DA) skal vera sú dagsetning sem er samþykkt af NSI, sem er sú dagsetning þegar ég undirrita Samning sjálfstæðs samstarfsaðila vörumerkis (DA) rafrænt gegnum undirritunarverkferli fyrirtækisins á netinu og um leið og undirskrift mín er móttækin og samþykkt af NSI.

I. Ábyrgðartrygging og takmörkun ábyrgðar

(a) Ábyrgðartrygging

Ég tek sjálf/ur ábyrgð og geri enga kröfu á Nu Skin, hluthafa fyrirtækisins, yfirmenn, forstjóra og starfsmenn vegna skaðabóta, taps, starfsemi, annars verknaðar, kostnaðar eða útgjalda, þ.m.t. vegna kostnaðar við lögfræðipjónustu, sem kann að hafa skapast vegna, beint eða óbeint, einhverra verka eða mistaka sem mér hafa orðið á í starfi mínu sem óháður samstarfsaðili vörumerkis, þ.m.t. án takmarkana brot á yfirlýsingarreglum og ábyrgðum, efnisleg brot á Samningi sjálfstæðs samstarfsaðila vörumerkis (DA) eða brot á öðrum samningum milli aðila, eða einhverjar aðrar kröfur eða annar verknaður.

(b) Takmörkun ábyrgðar

ÞETTA ÁKVÆDI TAKMARKAR ÁBYRGÐ NU SKIN FYRIRTÆKISINS GAGNVART ÞÉR. VINSAMLEGAST LESTU VANDLEGA

ÉG SAMÞYKKI AÐ HÁMARKS SKAÐABÓTAÁBYRGÐ NU SKIN VEGNA SÉRHVERRAR KRÖFU SEM KANN AÐ SKAPAST VEGNA ÞESSA SAMNINGS EÐA VEGNA TENGLA MINNA VIÐ NU SKIN, Þ.M.T., EN EKKI TAKMARKAÐ VIÐ KRÖFUR VEGNA ALLRA ÞEIRRA VERKA SEM GETA MYNDAST VEGNA SAMNINGSINS, VEGNA VERKNAÐAR SEM GETUR VALDIÐ TJÓNI EÐA VEGNA SANNGIRNI MUN TAKMARKAST VIÐ KOSTNAÐINN VIÐ ÞÆR VÖRUR SEM ÉG HEF KEYPT AF NU SKIN LOCAL ÞÁ 12 MÁNUÐI SEM LIÐU ÁÐUR EN ÉG LÉT NU SKIN VITA AF DEILU/KRÖFU MINNI EÐA US\$6,000, HVOR UPPHÆÐIN SEM ER HÆRRÍ.

J. Skyldubundin og bindandi úrskurður

1. Þessi Samningur sjálfstæðs samstarfsaðila vörumerkis (DA) fellur undir úrskurðarvald. UTAH ER EINA LÖGSAGNARUMDÆMIÐ ÞAR SEM ÚRSKURÐUR GETUR FARIÐ FRAM EÐA ÞAR SEM SKERA MÁ ÚR SÉRHERJUM ÞEIM ÁGREININGI SEM GETUR SKAPAST VEGNA EÐA TENGT ÞESSUM Samningi sjálfstæðs samstarfsaðila vörumerkis (DA) Upprunaland þessa samnings er ríkið Utah, í BNA, og samningurinn stjórnast af, er uppbyggður í samræmi við og skal túlkaður samkvæmt lögum Utah, án þess að hægt sé að beita reglum um val á löggjöf. Eini vettvangurinn til þess að skera úr ágreiningi og eina lögsagnarumdæmið sem leita má til skal vera í Salt Lake County, Utah, BNA. Ég samþykki að persónulegt lögsagnarumdæmi sérhvers dómstóls innan Utah ríkis skuli gilda og afsala mér öllum rétti til að mótmæla vali þess lögsagnarumdæmis.

2. Ég samþykki að allur ágreiningur skal leystur og skorið úr um hann í samræmi við og samkvæmt þeim skilmálum og skilyrðum sem eru sett fram í þessum kafla og samkvæmt þeim reglum og verkferlum sem eru sett fram í kafla 7 (Úrskurður) í Stefnur og starfsreglur (Stefnur og starfsreglur

hjá Nu Skin®) eða sem má skoða á netinu í skrifstofuhlutanum á vefsíðu fyrirtækisins (Office section). Málaferli vegna allra úrskurðarmála skulu rekin í Salt Lake City, Utah, BNA. Úrskurðurinn fer fram á ensku, en samkvæmt beiðni og á kostnað þess aðila, verða öll skjöl og vitnisburður þýdd yfir á annað tungumál. Einn úrskurðaraðili verður útnefndur til að hlusta á og leysa úr ágreiningi, og verður sá úrskurðaraðili að vera valinn með samþykki allra málsaðila. Málsaðilar þurfa sjálfir að bera sinn eigin málskostnað og bera jafnan kostnað vegna (i) úrskurðaraðila og (ii) vegna stjórnslu við úrskurðinn. Hvorugur aðili né úrskurðaraðili má gefa upp upplýsingar um tilvist, innihald eða niðurstöður úrskurðar án fyrirfram gefins skriflegs samþykkis beggja málsaðila. Dóm um niðurstöðu sem úrskurðaraðili hefur komist að má framkvæma í öllum dómum sem hafa gilda lögsögu til þess.

3. „Ágreiningur“ er skilgreindur sem allar núverandi og allar fyrri kröfur í fortíð, nútíð og framtíð, ágreiningur vegna verknaðar eða kvartanir, hvort sem þær byggja á samningnum, verknaði sem veldur tjóni, reglum, lögum, vöruábyrgð, vegna sanngirni eða vegna einhvers annars verknaðar, (i) sem skapast hefur eða tengist þessum Samningi sjálfstæðs samstarfsaðila vörumerkis (DA), (ii) milli annarra samstarfsaðila vörumerkis og mín vegna starfsemi samstarfsaðila vörumerkis, eða vegna viðskiptatengsla okkar sem óháðir verktakar hjá Nu Skin, (iii) á milli Nu Skin og mín, (iv) vegna Nu Skin eða vegna fyrrverandi eða núverandi tengdra fyrirtækja þess, eigenda, forstjóra, yfirmanna, starfsmanna, fjárfesta eða birgja, (v) vegna vöru, (vi) vegna lausnar Nu Skin á öllum öðrum málum sem hafa áhrif á starfsemi mína sem samstarfsaðili vörumerkis, þ.m.t. vegna óánægju minnar með stjórnun eða refsingar Nu Skin fyrirtækisins eða vegna túlkunar minnar á Samningi sjálfstæðs samstarfsaðila vörumerkis (DA).

4. ÉG SAMÞYKKI AÐ SAMÞYKKJA OG AÐ VERA BUNDIN/N AF ÞESSUM SAMNINGI UM ÚRSKURÐ EF ÉG FER INN Á EINHVERJA AF VEFSÍÐUM NU SKIN OG NOTA ÞÆR UPPLÝSINGAR SEM ÞAR ER AÐ FINNA EÐA EF ÉG KAUPI EINHVERJA ÞÁ VÖRU SEM ER FÁANLEG GEGNUM ÞÆR VEFSÍÐUR EÐA EF ÉG KAUPI VÖRUR FRÁ NU SKIN LOCAL EÐA EF ÉG FÆ BÓNUS.

**SAMNINGUR UM INNKAUP VÖRU Í LANDI ÞAR SEM AÐILI Á
LÖGHEIMILI
ÍSLAND**

Þessi samningur um innkaup vöru í landi þar sem aðili á lögheimili er á milli Nu Skin Íslandi ehf., sem er fyrirtæki sem er skráð og starfar samkvæmt íslenskum lögum og sem er með skráð aðsetur að Stórhöfða 21, 110 Reykjavík, Íslandi, VSK-númer 104072 („Nu Skin Local“) og mín. Nu Skin Local er fyrirtæki sem er tengt NSI og hefur það áskilinn rétt til heildsöluadreifingar á vörum NSI í því landi þar sem ég á lögheimili (búsetuland mitt).

Nu Skin Local og ég samþykkjum og skiljum að þessi PAA samningur er aðskilinn og aðgreindur samningur frá Samningi alþjóðlegs stuðningsaðila og samstarfsaðila vörumerkis við NSI (eins og hann er skilgreindur í Samningi sjálfstæðs samstarfsaðila vörumerkis (DA)).

A. Skilgreiningar

Merking hugtaka með hástöfum sem ekki eru skilgreind í þessum kafla Samnings um innkaup vöru er skilgreind í kaflanum um Stefnu og starfsreglur.

„Bónus“ merkir sú þóknun sem er greidd til samstarfsaðila vörumerkis samkvæmt magni af seldum vörum samstarfsaðila vörumerkis, hóps hans og annarra framkvæmdastjóra, uppfylli þeir einnig öll skilyrði sem eru sett fram í söluárangurskerfinu. Nu Skin Local hefur verið úthlutað rétti til að greiða bónusa til samstarfsaðila vörumerkis í því landi þar sem söluaðili hefur búsetu.

„Samningur“ er samningurinn á milli Nu Skin og mín og samanstendur hann af þessum PPA samningi og Samningi sjálfstæðs samstarfsaðila vörumerkis (DA) (eins og sérhver samningur er skilgreindur hér að neðan).

„Samstarfsaðili vörumerkis“ merkir óháður verktaki sem hefur umboð frá Nu Skin samkvæmt samningi samstarfsaðila vörumerkis til að kynna vörur fyrirtækisins, ráða nýja samstarfsaðila vörumerkis og taka á móti þóknun í samræmi við kröfur söluárangurskerfisins.

„Samningur sjálfstæðs samstarfsaðila vörumerkis (DA)“ merkir þessi samningur milli Samstarfsaðila vörumerkis og Alþjóðlegs stuðningsaðila (Distributor and International Sponsor Agreement), þ.m.t. Stefnum og starfsreglur, söluárangurskerfið, og efni er snertir valkvæð verkefni, sem geta verið breytingum háð og sem eru tekin hér með til tilvísunar.

„Nu Skin“ merkir NSI, Nu Skin Local og tengd fyrirtæki þeirra.

„Vörur“ merkir vörur og þjónusta Nu Skin sem er seld í gegnum Nu Skin Local í einstaka löndum sem hafa til þess umboð og leyfi.

„PPA“ merkir samningur um innkaup vöru í því landi þar sem ég á lögheimili, þ.m.t. eru Stefnum og starfsreglur (Stefnum og starfsreglur hjá Nu Skin®), með síðari tíma breytingum og eru þessi skjöl tekin með hér til hliðsjónar.

„Stefnum og starfsreglur“ merkir þær stefnum sem stjórna því hvernig samstarfsaðili vörumerkis skal stjórna fyrirtæki sínu, hvernig hann skal hegða sér í viðskiptum og sem skilgreina réttindi og tengsl aðila.

„Búsetuland“ merkir, ef þú ert einstaklingur, það land, það svæði eða annað lögsagnarumdæmi þar sem þú telst vera ríkisborgari eða lagalegur íbúi þar sem þú hefur farið eftir Samningi sjálfstæðs samstarfsaðila vörumerkis (DA). Ef þú ert viðskiptalegur aðili, eins og stórfyrirtæki, samvinnufélag, eignarhaldsfélag eða eitthvað annað fyrirtækjaform, þá er verið að tala um það land, landsvæði eða annað lögsagnarumdæmi þar sem þú ert lagalega starfandi samkvæmt lögum þíns búsetulands, og sérhver eigandi fyrirtækisins skal hafa rétt lagalegt leyfi til að reka viðskipti í því landi þar sem fyrirtækið hefur búsetu og í því landi þar sem hans Samningur sjálfstæðs samstarfsaðila vörumerkis (DA) gildir.

„Söluárangurskerfi“ merkir sérstakt kerfi sem skilgreinir nákvæmlega hvernig skal framkvæma og hvaða kröfur gilda um þóknun til samstarfsaðila vörumerkis.

B. Þjónusta sem boðið er upp á í því landi þar sem ég á lögheimili (búsetulandi)

Samkvæmt þessum PPA samningi mun Nu Skin Local bjóða mér sem óháðum verktaka, vörur til innkaupa á heildsöluverði í mínu landi aðseturs. Ég samþykki að ég má einungis selja þessar vörur innan míns búsetulands, og að salan fellur undir og að um hana gilda undanþágur sem skilgreindar eru í Stefnum og starfsreglur (Stefnum og starfsreglur hjá Nu Skin®).

Að auki mun Nu Skin Local veita mér eftirfarandi þjónustu innan míns búsetulands: (i) samþykkja pantanir og dreifa vörum til viðskiptavina og samstarfsaðila vörumerkis innanlands, (ii) meðhöndla öll vöruskil innan lands aðseturs og sjá um viðeigandi endurgreiðslur, (iii) veita dreifingaraðilum stuðningsþjónustu og grípa til allra nauðsynlegra ráðstafa er samræmast stefnu NSI og (iv) greiða þóknun til samstarfsaðila

vörumerkis innanlands eins og ákvarðað er og stjórnað af NSI og sem er lýst enn frekar í kafla F hér að neðan.

Ég skil að NSI hefur útnefnt og gefið Nu Skin Local umboð til að greiða mér bónus, sem ef þörf krefur, felur í sér vald til að stofna og samþykka bónusreikninga frá mér, endurgreiða bónusa til NSA, greiða þóknun og allan nauðsynlegan virðisaukaskatt innanlands í nafni Nu Skin Local og að starfa fyrir hönd NSI og tengdra fyrirtækja þess með tilliti til mín sem samstarfsaðila vörumerkis.

C. Markaðssetning á vöru: Verðlagning

Ég samþykki að: (a) það eru engin lágmörk er gilda um innkaup eða birgðastöðu; (b) ég hef rétt til að kaupa vörur á heildsöluverði frá Nu Skin Local; (c) ég mun stuðla að sölu vöru innan míns búsetulands í samræmi við skilmála og skilyrði samningsins; og (d) ég mun ekki setja fram neinar kröfur um vörur og söluárangurskerfið nema slíkar kröfur snerti opinberar reglur fyrirtækisins eða séu á merkingum á vörunni í því landi þar sem ég hef búsetu. Ég á rétt á að kaupa inn vörur á því verði sem er gefið upp af Nu Skin Local og samþykki að Nu Skin Local má breyta öllu vöruverði innan þrjátíu (30) daga frá því að tilkynning var send út.

D. Endurgreiðslur

Í samræmi við allar þær takmarkanir er kunna að vera settar fram í stefnu um endurgreiðslu eða í sérstökum skilmálum á þeim tíma er innkaup fóru fram, er hægt að fá 90% endurgreiðslu fyrir alla óopnaða, endurseljanlega vöru sem er skilað innan 12 mánaða frá pöntunardegi, en þá minnkar bónusinn að sama skapi. Nu Skin Local samþykkir að endurgreiða 90% af heildsölu-innkaupsverði (þ.m.t. VSK/skattur ef fyrirframgreitt, að frádregnum sendingarkostnaði og öðrum fríðindum er tengjast innkaupunum) fyrir sérhverja vöru (nema persónuleg sölugögn) sem þú skilar innan tólf mánaða frá innkaupdagsetningu. Vörur (nema persónuleg sölugögn) sem skilað er til fyrirtækisins innan 30 daga frá innkaupum verða 100% endurgreiddar (þ.m.t. VSK/skattur ef fyrirframgreitt, að frádregnum sendingarkostnaði og öðrum fríðindum er tengjast innkaupunum). Fyrir alla endurgreiðslu þarftu að fá Return Merchandise Authorization (RMA) númer. Til að fá þitt RMA númer þarft þú að leggja fram afrit af reikningi eða reikninginn sjálfan. Þú skilar vörunni á þinn eigin kostnað til Nu Skin Local í ástandi sem er endurseljanlegt og eins nýtt og hægt er, þannig að varan þarf að vera óopnuð, óbreytt, endurseljanleg og hægt verður að vera að setja hana beint inn á lager. Skoðaðu

Stefnur og starfsreglur til að fá nánari upplýsingar um réttindi þín varðandi endurgreiðslur.

E. Sjálfvirkt umbunarkerfi fyrir afhendingar („ADR-kerfið“)

(a) Ef ég hef tilgreint tegund og magn þeirrar vöru sem ég vil fá sjálfkrafa í hverjum mánuði, þá verður rukkað fyrir þessar vörur mánaðarlega af þeirri greiðslu sem ég inni af hendi í hverjum mánuði og þær verða sendar mánaðarlega til uppgefins heimilisfangs míns nema ég láti Nu Skin Local vita skriflega um allar óskaðar breytingar.

(b) Nu Skin Local getur gert verðbreytingu eða tekið af markaði vörur sem ég hef valið að fá sjálfvirkt afhentar skv. ADR-kerfi og samkvæmt þessum samningi eða samkvæmt sérstöku skráningareyðublaði í ADR-kerfið. Ef upp kemur slík staða, mun Nu Skin Local láta mig vita af breytingunni og (i) ef vara er tekin af markaði, mun Nu Skin Local halda áfram að senda mér þær vörubirgðir sem eftir eru og getur látið mig fá aðra vöru í staðinn sem er jafngild eða gildari og (ii) ef verðbreytingar verða á vöru, þá mun Nu Skin Local senda mér sömu vöru og ég hef pantað skv. ADR-kerfinu, en á nýju verði, nema ég segi Nu Skin Local að endurskoða mánaðarlegu pöntun mína.

(c) Til að greiða fyrir sérhverja mánaðarlega ADR-kerfis pöntun, gef ég Nu Skin Local eða tengdum fyrirtækjum þess leyfi til að taka greiðslur sjálfvirkt af kreditkorti mínu eins og er skilgreint í ADR-kerfis hluta þess samnings eða samkvæmt sérstöku skráningareyðublaði í ADR-kerfið. Nu Skin Local eða tengd fyrirtæki munu ekki taka neinar aðrar greiðslur af reikningi mínum nema þær sem ég hef samþykkt (virðisaukaskattsgreiðslur geta sveiflast eftir því hvernig VSK-skattareglur breytast).

(d) Ég samþykki að: (i) það er ekki hægt að skila vöru sem er keypt inn samkvæmt ADR-vörupunktum; (ii) engir Eigin punktar (PSV) eða Sölupunktar í hóp (GSV) skapast vegna vöru sem er keypt inn með ADR-vörupunktum; (iii) viðeigandi VSK-skattur eða söluskattur nær til endurheimtar á ADR-kerfispunktum; og (iv) og verðgildi endurheimtar verður reiknað út sem tekjur til mín.

(e) Ég samþykki að ef einhverjum vörum er skilað úr innkaupum sem eru gild, þá verður að kaupa aftur fast magn af vörunni og draga magn skilaðrar vöru frá til þess að eiga ennþá rétt á og geta tekið á móti ADR-vörupunktum.

(f) Ég samþykki að Nu Skin Local má afturkalla (i) ADR-áskrift mína hvenær sem er og af hvaða ástæðu sem er; og (ii) að réttur minn til þátttöku í ADR-kerfinu rennur út ef (A)

kreditkort mitt eða bankaleyfi sem er veitt samkvæmt þessum samningi rennur út, er afturkallað eða lýkur á annan hátt, (B) ég brýt skilmála og skilyrði samningsins, eða (C) NSI afturkallar rétt minn til að vera samstarfsaðili vörumerkis. Ég get einnig afturkallað ADR-áskrift mína með því að tilkynna það skriflega til Nu Skin Local. Slík afturköllun verður virk eigi síðar en innan fjórtán (14) daga.

F. Þóknanir

(a) Ég veiti Nu Skin Local leyfi eins og ákvarðað er og stjórnað af NSI til að leggja greiðslu á öllum bónusgreiðslum inn á reikning þess fjármálafyrirtækis sem er tilgreint af mér. Þetta leyfi kemur í staðinn fyrir öll fyrri leyfi og er í fullu gilt þangað til (i) Nu Skin Local hefur fengið skriflega tilkynningu frá mér um að ég dragi mig út úr beina innistæðukerfinu, og (ii) Nu Skin Local hefur möguleika á að framkvæma slíka breytingu eftir að hafa fengið tilkynningu frá mér.

(b) Ég samþykki að ég verð að tilkynna Nu Skin Local strax (i) áður en ég breyti eða loka beinum innistæðureikningi mínum eða (ii) ef fjármálafyrirtæki mitt breytir reikningsnúmeri mínu eða öðrum númerum. Misbrestur á því að tilkynna Nu Skin Local um breytingar á reikningsnúmeri getur tafið afgreiðslu á bónusgreiðslum til mín. Ef ég breyti um fjármálafyrirtæki og/eða reikningsnúmer verð ég að fylla út nýtt eyðublað um beinan innistæðureikning og senda blaðið til Nu Skin Local áður en ég loka núgildandi reikningi mínum.

(c) Hvorki NSI né Nu Skin Local bera skaðabótaábyrgð í minn garð vegna þess að Nu Skin Local kemst ekki inn á reikning minn né geta komið beinum greiðslum inn á reikning minn á réttum tíma, nema slíkur misbrestur eða tap sé bein afleiðing af hreinni vanrækslu af hálfu Nu Skin Local eða ásetningi þess. Skaðabótaábyrgð Nu Skin skal aldrei fara yfir þá upphæð fjármagns sem hefði annars verið lagt inn á innistæðureikning.

G. Yfirlýsingar og ábyrgðir

Ég lýsi því yfir og ábyrgist að ég hef leyfi til að gera þennan PPA samning, að ég hef uppfyllt allar lagalegar kröfur um að gera gildan samning og að þegar hefur verið undirritaður og afhentur af mér til samþykktar hjá NSI, eins og er lýst hér, þá feli PPA samningurinn í sér lagalega bindandi, gilda og bindandi skuldbindingu.

Ég lýsi því yfir og ábyrgist einnig að: (a) þær upplýsingar sem ég hef skilað inn í PPA samninginn eru nákvæmar og fullnægjandi og að ef ég hef veitt einhverjar rangar eða villandi upplýsingar getur NSI, að eigin vali, lýst sinn hluta af Samningi

sjálfstæðs samstarfsaðila vörumerkis (DA) ógildan frá undirritun; (b) auðkennisnúmer eða vsk-númer sem ég hef gefið upp er rétt vsk-númer fyrir mitt búsetuland; (c) ef ég er einstaklingur, að ég er fullgildur ríkisborgari eða hef lagalegan rétt til að búa í búsetulandi mínu og að ég hef lagalegan rétt til að vera samstarfsaðili vörumerkis í því landi þar sem ég á lögheimili (d) ef ég er fyrirtæki eins og stórfyrirtæki, samvinnufélag, eignarhaldsfélag eða annað fyrirtækjaform, þá er fyrirtæki mitt rétt lagalega stofnað samkvæmt lögum míns búsetulands, og að sérhver eigandi fyrirtækisins hefur fullan lagalegan rétt til að stunda viðskipti í því landi þar sem ég á lögheimili (hef búsetu).

Ég lýsi því yfir og ábyrgist að hvorki ég né sambúðaraðili minn/eiginmaður/eiginkona (eða ef um er að ræða stórfyrirtæki eða annað fyrirtækjaform, allir þátttakendur í fyrirtækinu sem eru á lista eða ættu að vera á lista fyrir fyrirtækið), hafa tekið þátt í viðskiptum sem samstarfsaðilar vörumerkis í öðru hlutverki fyrir fyrirtækið undanfarna sex mánuði (eitt ár ef viðkomandi hefur verið ígildi stjórnanda (EXEC) eða haft hærri titil samkvæmt söluárangurskerfinu) áður en ég undirrita þennan samning sem stuðningsaðili eins og skilgreint er samkvæmt þessum samningi.

H. Leyfi til að flytja persónuupplýsingar

Til þess að NSI eða Nu Skin Local geti veitt mér stuðning sem samstarfsaðila vörumerkis, þá heimila ég þeim að flytja og birta persónulegar og/eða trúnaðarupplýsingar mínar, sem (a) ég hef veitt annað hvort NSI eða Nu Skin Local í tengslum við dreifingarsamning minn og hóp eða, (b) sem hafa þróast vegna starfsemi minnar sem samstarfsaðili vörumerkis, til (i) fyrirtækisins og dótturfyrirtækja hvar sem þau eru staðsett, (ii) sjálfstæðra Nu Skin samstarfsaðila vörumerkishópa þegar nauðsynlegt er að tryggja stuðning við hópinn og (iii) til viðeigandi ríkisstofnana eða eftirlitsstofnana ef þess er krafist samkvæmt lögum. Ég veiti NSI eða Nu Skin Local frekari rétt til að nota persónuupplýsingar mínar til þess að auðkenna samstarfsaðila vörumerkis og til að búa til efni til markaðssetningar.

I. Samþykki á samningi

Ég samþykki að Nu Skin Local mun samþykkja PPA samninginn um leið og fyrirtækið samþykkir fyrstu pöntun mína á vöru.

J. Ábyrgðartrygging og takmörkun ábyrgðar

(a) Ábyrgðartrygging

Ég geri enga kröfu á Nu Skin, hluthafa fyrirtækisins, yfirmenn, forstjóra og starfsmenn vegna skaðabóta, taps, starfsemi, orsaka starfsemi, kostnaðar eða útgjalda, þ.m.t. vegna kostnaðar við lögfræðipjónustu, sem kann að hafa skapast vegna, beint eða óbeint, einhverra verka eða mistaka sem mér hafa orðið á í starfi mínu sem óháður samstarfsaðili vörumerkis, þ.m.t. án takmarkana brot á kynningarreglum og ábyrgðum, efnisleg brot á PPA samningnum eða brot á öðrum samningum milli aðila, eða einhverjar aðrar kröfur eða annar verknaður.

(b) Takmörkun ábyrgðar

ÞETTA ÁKVÆÐI TAKMARKAR ÁBYRGÐ NU SKIN FYRIRTÆKISINS GAGNVART ÞÉR. VINSAMLEGAST LESTU VANDLEGA

ÉG SAMÞYKKI AÐ HÁMARKS SKAÐABÓTAÁBYRGÐ NU SKIN VEGNA SÉRHEVERRAR KRÖFU SEM KANN AÐ SKAPAST VEGNA ÞESSA SAMNINGS EÐA VEGNA TENGLA MINNA VIÐ NU SKIN, Þ.M.T., EN EKKI TAKMARKAÐ VIÐ KRÖFUR VEGNA ALLRA ÞEIRRA VERKA SEM GETA MYNDAST VEGNA SAMNINGSINS, VEGNA VERKNAÐAR SEM GETUR VALDIÐ TJÓNI EÐA VEGNA SANNGIRNI MUN TAKMARKAST VIÐ KOSTNAÐINN VIÐ ÞÆR VÖRUR SEM ÉG HEF KEYPT AF NU SKIN LOCAL ÞÁ 12 MÁNUÐI SEM LIÐU ÁÐUR EN ÉG LÉT NU SKIN VITA AF DEILUNNI/KRÖFU MINNI EÐA US\$6,000, HVOR UPPHÆÐIN SEM ER HÆRRI.

K. Skyldubundin og bindandi úrskurður

1. ÞESSI PPA SAMNINGUR FELLUR UNDIR ÚRSKURÐARVALD. UTAH ER EINA LÖGSAGNARUMDÆMIÐ ÞAR SEM ÚRSKURÐUR GETUR FARIÐ FRAM EÐA ÞAR SEM SKERA MÁ ÚR SÉRHEVERJUM ÞEIM ÁGREININGI SEM GETUR SKAPAST VEGNA EÐA TENGST ÞESSUM PPA SAMNINGI. Upprunaland þess samnings er ríkið Utah, í BNA, og samningurinn stjórnast af, er uppbyggður í samræmi við og skal túlkaður samkvæmt lögum Utah, án þess að hægt sé að beita reglum um val á löggjöf. Eini vettvangurinn til þess að skera úr ágreiningi og eina lögsagnarumdæmið sem leita má til skal vera í Salt Lake County, Utah, BNA. Ég samþykki að persónulegt lögsagnarumdæmi sérhvers dómstóls innan Utah ríkis skuli gilda og afsala mér öllum rétti til að mótmæla vali þess lögsagnarumdæmis.

2. Ég samþykki að allur ágreiningur skal leystur og skorið úr um hann í samræmi við og samkvæmt þeim skilmálum og skilyrðum sem eru sett fram í þessum PPA samningi og samkvæmt þeim reglum og verkferlum sem eru sett fram í

kafla 7 (Úrskurður) í Stefnur og starfsreglur (Stefnur og starfsreglur hjá Nu Skin®) eða sem má skoða á netinu í skrifstofuhlutanum á vefsíðu fyrirtækisins (Office section). Málaferli vegna allra úrskurðarmála skulu rekin í Salt Lake City, Utah, BNA. Úrskurðurinn verður framkvæmdur á ensku, en samkvæmt beiðni og á kostnað þess aðila, verða öll skjöl og vitnisburður þýdd yfir á annað tungumál. Einn úrskurðaraðili verður útnefndur til að hlusta á og leysa úr ágreiningi, og verður sá úrskurðaraðili að vera valinn með samþykki allra mál aðila. Málsaðilar þurfa sjálfir að bera sinn eigin málskostnað og bera jafnan kostnað vegna (i) úrskurðaraðila og (ii) vegna stjórnslu við úrskurðinn. Hvorugur aðila né úrskurðaraðili má gefa upp upplýsingar um tilvist, innihald eða niðurstöður úrskurðar án fyrirfram gefins skriflegs samþykkis beggja mál aðila. Dóm um niðurstöðu sem úrskurðaraðili hefur komist að má framkvæma í öllum dómum sem hafa gilda lögsögu til þess.

3. „Ágreiningur“ er skilgreindur sem allar núverandi og allar fyrri kröfur í fortíð, nútíð og framtíð, ágreiningur vegna verknaðar eða kvartanir hvort sem þær byggja á samningnum, verknaði sem veldur tjóni, reglum, lögum, vöruábyrgð, vegna sanngirni eða vegna einhvers annars verknaðar, (i) sem skapast hefur eða tengist þessum PPA samningi, (ii) milli annarra samstarfsaðila vörumerkis og mín vegna starfsemi samstarfsaðila vörumerkis, eða vegna viðskiptatengsla okkar sem óháðir verktakar hjá Nu Skin, (iii) á milli Nu Skin og mín, (iv) vegna Nu Skin eða vegna fyrrverandi eða núverandi tengdra fyrirtækja þess, eigenda, forstjóra, yfirmanna, starfsmanna, fjárfesta eða birgja, (v) vegna vöru, (vi) vegna lausnar Nu Skin á öllum öðrum málum sem hafa áhrif á starfsemi mína sem samstarfsaðili vörumerkis, þ.m.t. vegna óánægju minnar með stjórnun eða refsingar Nu Skin fyrirtækisins eða vegna túlkunnar minnar á PPA samningnum.

4. ÉG SAMÞYKKI AÐ SAMÞYKKJA OG AÐ VERA BUNDIN/N AF ÞESSUM SAMNINGI UM ÚRSKURÐ EF ÉG FER INN Á EINHVERJA AF VEFSÍÐUM NU SKIN OG NOTA ÞÆR UPPLÝSINGAR SEM ÞAR ER AÐ FINNA EÐA EF ÉG KAUPI EINHVERJA ÞÁ VÖRU SEM ER FÁANLEG GEGNUM ÞÆR VEFSÍÐUR EÐA EF ÉG KAUPI VÖRUR FRÁ NU SKIN LOCAL EÐA EF ÉG FÆ BÓNUS.

Með undirskrift minni fyrir neðan staðfesti ég að ég skil og samþykki Samninginn milli samstarfsaðila vörumerkis og alþjóðlegs stuðningsaðila og Samninginn um innkaup vöru í landi þar sem aðili á lögheimili fyrir Ísland.

Nafn: _____

Titill: _____

Dagssetning: _____

Undirskrift: _____